

Miðvikudaginn 22. apríl 1992.

Nr. 10/1991.

Íslandsbanki h/f

(Þórður Gunnarsson hrl.)

gegn

Sambandi íslenskra bankamanna

(Gestur Jónsson hrl.).

Kjarasamningur. Bankamenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 16. desember 1991.

Stefnandi er Íslandsbanki h/f, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefndi er Samband íslenskra bankamanna, Tjarnargötu 14, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkenndur verði sá skilningur stefnanda á því ákvæði í kjarasamningi stefnda og samninganefndar bankanna f.h. bankanna frá 15. desember 1980 og síðari kjarasamningum sömu aðila, sem segir, að „aðrir bankar með 8 starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta“, að í ákvæðinu felist eingöngu gagnvart stefnanda auk loforðs um greiðslu iðgjalds í Lífeyrissjóð verslunarmanna, ábyrgð á verðtryggingu lífeyris, þannig, að lífeyrir fylgi almennum breytingum á launum skv. kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur miðað við tiltekin grundvallarlaun, en ekki loforð, sem tryggi þeim félagsmönnum stefnda, sem hjá stefnanda starfa, sambærileg lífeyrisréttindi og starfsmenn banka í eigu ríkisins njóta á hverjum tíma samkvæmt reglugerðum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans, Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbankans og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands, þ.e., hvað varðar eftirlaunarétt, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri.

Stefnandi krefst þess einnig, að kröfugerð stefnda verði hafnað. Hann krefst og málskostnaðar, er beri dráttarvexti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að kröfum stefnanda verði hafnað.

Að viðurkenndur verði með dómi sá skilningur stefnda á bókun 5 í kjarasamningi stefnda og samninganefndar bankamanna f.h. bankanna frá 15. desember 1980 og gr. 12.7 í síðari kjarasamningum sömu aðila, að í ákvæðinu felist skuldbinding stefnanda um að veita starfsmönnum sínum, sem eru félagar stefnda, sambærileg lífeyrisréttindi og starfsmenn ríkisbankanna njóta, þ.m.t. réttindi til eftirlauna, örorku-, barna- og makalífeyris.

Stefndi krefst og málskostnaðar, er beri dráttarvexti.

I.

Málavextir.

Áður en bankamenn fengu fullan samningsrétt, voru laun þeirra einhliða ákvörðuð af bönkunum með launareglugerðum. Launakjör bankamanna voru hin sömu, hvort sem þeir störfuðu hjá ríkisbanka eða einkabanka, en mikill munur var á kjörum þeirra varðandi lífeyrisréttindi. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisbankanna voru ákveðin með sérstökum reglugerðum, en starfsmenn einkabankanna voru félagar í almennum lífeyrissjóðum, fyrst og fremst Lífeyrissjóði starfsmanna SÍS, og var grundvallarmunur á réttindaávinningi. Starfsmenn einkabankanna sóttu fast að fá sömu réttindi í lífeyrismálum og samstarfsmenn þeirra í ríkisbönkunum nutu.

Í tilefni af setningu nýrrar reglugerðar um störf og launakjör bankastarfsmanna, sem undirrituð var í apríl 1974 og tók við af reglugerð frá 1971, skiptust stjórn stefnda og fulltrúar einkabankanna á yfirlýsingum um lífeyrisréttindi starfsfólks einkabankanna. Yfirlýsingarnar eru báðar dagsettar 16. mars 1974.

Yfirlýsing fulltrúa einkabankanna hljóðar svo:

„Það er skoðun stjórnenda einkabankanna, að stefna beri að því, að starfsfólk í þeim bönkum fái sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna.

Fyrsta skrefið, sem stigið væri í þá átt, gæti verið eftirfarandi:

Bankarnir greiði í sérstakan sjóð það, sem á vantar, að iðgjöld starfsmanna nemi 6% af heildaárslaunum þeirra. Auk þess skulu bankarnir greiða 2% af heildarlaunum starfsmanna í sama sjóð. Tilgangur sjóðsins verði að tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra lífeyri til viðbótar þeim réttindum, sem aðild að Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóði starfsmanna SÍS

veitir. Sjóður þessi sé eign bankanna, og skal ávaxta hann með kaupum á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 1974.

Jafnframt lýsa einkabankarnir því yfir, að þeir muni á gildistíma reglugerðarinnar halda áfram viðræðum og athugun á því, hver næstu skref yrðu á þeirri braut, að starfsfólk einkabankanna fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna.“

Yfirlýsing stjórnar stefnda var svohljóðandi:

„Stjórn SÍB fagnar þeirri yfirlýsingu, sem stjórnendur einkabankanna hafa gefið varðandi lífeyrisréttindi starfsfólks þeirra.

Í þessari yfirlýsingu kemur fram, að þeir munu vinna að því, að starfsfólk í einkabönkunum fái sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk í ríkisbönkunum. Jafnframt er lýst yfir því, að stofnaður skuli lífeyrissjóður í þessu skyni.

Pótt ekki séu tímamörk í yfirlýsingunni, treystir stjórn SÍB því, að þannig verði áfram unnið að þessu máli, að séð verði fyrir endann á því, áður en samningstími launareglugerðar frá 1974 er úti.“

Samkomulag um laun og önnur kjör starfsmanna bankanna var undirritað 18. júní 1976, og mun það fyrsti kjarasamningur bankanna og stefnda. Í fylgiskjali II með samkomulagi þessu segir í upphafi:

„Við setningu síðustu launareglugerðar... gáfu fulltrúar einkabankanna út yfirlýsingu þess efnis m.a., að stefna beri að því, að starfsfólk einkabankanna fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna. Einnig var því lýst yfir, að athugun yrði haldið áfram, hver næstu skref yrðu á þeirri braut, að því loka-marki yrði náð.

Við gerð almennra kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar á þessu ári varð samkomulag um endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið endurskipulagningarinnar skyldi vera m.a.: „Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma.“

Í skjali þessu var gerð grein fyrir skipun sérstakrar nefndar á vegum aðila vinnumarkaðarins til að gera tillögur um endurskipulagningu lífeyriskerfisins og fyrirheitum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og sagt, að stefnt væri að nýskipan lífeyriskerfisins frá 1.

janúar 1978. Vikið er að bráðabirgðalausn fyrir árið 1976 og 1977 í formi sérstakrar uppbótar á lífeyri. Í lok skjalsins segir:

„Með skírskotun til framanritaðrar frásagnar af væntanlegri endurskipulagningu lífeyrissjóðakerfisins, sem taka á gildi 1. janúar 1978, úrlausn til bráðabirgða fyrir árin 1976 og 1977 og yfirlýsingar Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Lífeyrissjóðs SÍS ásamt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi málið allt, líta stjórnendur einkabankanna svo á, að með þessu sé starfsfólki einkabankanna tryggð sambærileg lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna hefur notið og stefnt var að ná fyrir starfsfólk einkabankanna.“

Lögbinding eins lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn hefur enn ekki orðið að veruleika.

Stefndi ritaði bréf til bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f hinn 12. apríl 1977 um samþykkt þings stefnda 23.-25. mars s.á. um lífeyrisréttindi.

Kjarasamningur samninganefndar bankanna og stefnda 1. nóvember 1977 var fyrsti kjarasamningur þeirra eftir gildistöku laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. Með honum var sérstakt fylgiskjal nr. 1, sem fjallaði um lífeyrisréttindi. Þar er fjallað um almenna lífeyriskerfið og sagt, að gildistöku sé frestað um tvö ár, til 1. janúar 1980. Þar segir:

„... Þannig líta stjórnendur einkabankanna ennþá svo á, að með þessu sé starfsfólki einkabankanna tryggð sambærileg lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna hefur notið og stefnt var að ná fyrir starfsfólk einkabankanna, þótt formleg lögfesting málsins frestist um tvö ár.

Falli starfsmaður frá eða verði fyrir örorku, sem bótaskyld sé, þá munu einkabankarnir, eftir því sem við verður komið, tryggja sjóðfélögum á frestunartímanum sambærilegar bætur og starfsmenn ríkisbankanna njóta.“

Kjarasamningar bankamanna voru lausir frá og með 1. október 1979, en kjarasamningnum frá 1977 var sagt upp með bréfi 29. júní 1979. Bréfinu fylgdi kröfugerð og megintillögur stefnda, en í þeim var ekki sérstaklega vikið að lífeyrisréttindamálum. Í tilboði samninganefndar bankanna var ekki heldur að þeim vikið.

Þá gerðist það í kjarasamningum opinberra starfsmanna árið 1980, að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þá leið, að svonefnd 95 ára regla

yrði tekin upp að nýju, þ.e., að starfsmaður, sem á samanlagðan líf- og starfsaldur upp á 95 ár og er orðinn 60 ára, getur hafið töku eftirlauna. Samsvarandi réttindi var ekki að finna í reglugerðum um eftirlaunasjóði starfsmanna ríkisbankanna.

Í gagntilboði stefnda til samninganefndar bankanna, sem lagt var fram á sáttafundi ríkissáttasemjara 18. september 1980, var sett fram krafa um svohljóðandi bókun:

„Aðilar eru sammála um, að lífeyrissjóður ríkisbankanna taki strax upp reglu, sem BSRB, ríkið og bæjarfélög gerðu samkomulag um varðandi 95 ára lífeyrisreglu starfsmanna. Tryggja bankarnir þær auknu greiðslur, sem af breytingunni leiðir. Einkabankarnir tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta.“

Nýr kjarasamningur var undirritaður 3. október 1980. Í bókun 5 með kjarasamningnum var svofellt ákvæði:

„Aðilar eru sammála um að beina því til stjórna lífeyrissjóða ríkisbankanna og viðkomandi sjóðfélaga, að við endurskoðun á reglugerðum lífeyrissjóðanna verði tekin upp 95 ára lífeyrisregla á hliðstæðan hátt og í samningum ríkisins og BSRB. Einkabankarnir tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta.“

Kjarasamningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu hjá stefnda. Hófst þá aftur samningaviðræður aðila. Á samningafundi 14. nóvember 1980 voru lagðar fram kröfur stefnda í 10 liðum. Þar gerði stefndi m.a. þá tillögu, að bókun 5 verði breytt þannig, að í stað orðanna: „Einkabankarnir tryggi áfram...“ - komi: „Aðrir bankar tryggi áfram...“ Þessi krafa stefnda mætti andstöðu fulltrúa sparisjóðanna. Sáttanefnd lagði fram sátatillögu 21. nóvember 1980, og var í henni svofellt lífeyrisréttindaákvæði: „Aðrir bankar með átta starfsmenn eða fleiri tryggi áfram sambærileg réttindi og bætur til handa sínum starfsmönnum og starfsmenn ríkisbankanna njóta.“

Nýr kjarasamningur var undirritaður 15. desember 1980, og var bókun 5 orðuð samkvæmt þessari tillögu sáttanefndar. Þessi samningur var samþykktur hjá stefnda. Í kjarasamningi aðila 1981 var bókun 5 felld inn í meginmál kjarasamningsins í grein 12.7. Áherslubreyting var jafnframt gerð í upphafi ákvæðisins til þess að leggja aukna áherslu á skuldbindingu um að taka 95 ára regluna

inn í reglugerðir eftirlaunasjóða starfsmanna ríkisbankanna. Ákvæðið hefur síðan staðið óbreytt í kjarasamningum. Reglugerðum eftirlaunasjóða ríkisbankanna var almennt breytt í framhaldi af kjarasamningnum 1981, þannig, að nítíuogfimmáreglan var tekin inn.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður Iðnaðarbanka Íslands h/f hafa allt frá árinu 1974 lagt til hliðar ákveðna fjárhæð árlega til að mæta hugsanlegum viðbótarlífeyrisskuldbindingum umfram 6% framlag í Lífeyrissjóð verslunarmanna. Bankinn hafi á árinu 1985 sett, einhliða, reglur um eftirlaun starfsmanna bankans, sem veiti starfsmönnum rýmri réttindi en aðild að lífeyrissjóði verslunarmanna tryggi þeim. Verslunarbanks Íslands h/f hafi lagt til hliðar í sama skyni síðan 1983 og Alþýðubankinn h/f síðan 1981. Bankar þessir hafi sameinast Útvegsbanka Íslands h/f 1. janúar 1990, og hafi nafninu þá jafnframt verið breytt í Íslandsbanka h/f. Íslandsbanki h/f hafi yfirtekið allar lífeyrisskuldbindingar Iðnaðarbanka Íslands h/f, Verslunarbanks Íslands h/f og Alþýðubankans h/f við sameininguna.

Stefnandi telur, að þegar litið sé til orðalags samkomulagsins frá 15. desember 1980, forsögu þess og annarra löskýringarsjónarmiða og gagna, megi ljóst vera, að samkomulagið feli ekki í sér loforð gagnvart þeim félagsmönnum stefnda, sem störfuðu hjá einkabönkunum, er tryggi þeim sömu lífeyrisréttindi og félagsmenn í Lífeyrissjóði Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands og/eða Eftirlaunasjóði Búnaðarbanka Íslands og/eða Eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands nutu eða myndu njóta á hverjum tíma skv. reglum þessara sjóða. Umræddir forverar stefnanda hafi með þessu eingöngu verið að gangast undir þá skuldbindingu, að einkabankarnir ábyrgðust verðtryggingu lífeyris úr Lífeyrissjóði verslunarmanna og Lífeyrissjóði SÍS gagnvart starfsmönnum sínum í samræmi við þær ákvarðanir og markmið, sem sett hafi verið 1976 og 1977. Bréf stefnda frá 12. apríl 1977 sýni, svo að ekki verði um villst, hvaða skilning stefndi hafi lagt í orðin „sambærileg lífeyrisréttindi“, þ.e. tilvísun til verðtryggingar lífeyris, enda öðlist orðalagið í kjarasamningnum frá 15. desember 1980 eðlilega og sanngjarna merkingu við þennan skilning.

Stefnandi kveðst mótmæla því sérstaklega, að stefnandi eða forverar hans hafi með einum eða öðrum hætti vakið réttmætt traust

stefnda á því, að leggja beri þann skilning í orðin „tryggi áfram sambærileg réttindi“ og stefndi telji nú rétt.

Stefnandi hafnar því algerlega, að þótt Iðnaðarbanki Íslands h/f, Alþýðubankinn h/f og Verslunarbanki Íslands h/f hafi lagt til hliðar fjármuni til að mæta hugsanlegum lífeyrisskuldbindingum sínum umfram þær skuldbindingar, sem á þeim hafði hvílt vegna Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Lífeyrissjóðs SÍS, þ. á m. vegna loforðs um verðtryggingu lífeyris, felist í slíku viðurkenning á hinum viðtæka og langsóttá skilningi stefnda. Bönkunum hafi borið að gera grein fyrir slíkum hugsanlegum skuldbindingum með þeim hætti í ársreikningum, sem þeir hafi gert, í samræmi við grundvallarreglur reikningshalds, sem miði að því að ofmeta ekki eignir og vanmeta ekki skuldir. Í slíku felist þó engin viðurkenning eða staðfesting á því, hverjar skuldbindingarnar kunni að vera í reynd. Þá kveður stefnandi sig eða forvera sína ekki með neinum hætti öðrum hafa viðurkennt skilning stefnda á þeim sammingsákvæðum, sem hér séu til skoðunar.

Stefnandi bendir á, að ekki hafi verið samið um efnislegar breytingar á skuldbindingum einkabankanna í lífeyrismálum eftir kjarasamninginn 15. desember 1980, enda hafi það orðalag, sem þar kemur fram, verið endurtekið í síðari kjarasamningum án sérstakra athugasemda, þar á meðal í kjarasamningi 21. maí 1989. Stefnan hafi verið mótuð með yfirlýsingunni 1974, og hún standi áfram, en eftir eigi að semja um innihaldið.

II.

Stefndi telur enga stoð vera fyrir kröfum stefnanda í máli þessu. Hann bendir á, að ekki hafi verið sérstök ástæða til þess að semja um „verðtryggingu“ eftirlauna við bankana árið 1980, þar sem Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóður SÍS hafi veitt „verðtryggðan“, þ.e. kauptryggðan lífeyri allt frá 1976, og með lögum nr. 55/1980 hafi slíkt verið bundið í lög. Í kjarasamningnum 1980 hafi menn því verið að semja um annað og meira en verðtryggingu lífeyris.

Auk ofangreindra málavaxta leggur stefndi mikla áherslu á tilgreiningu lífeyrisskuldbindingar gagnvart starfsfólki í ársreikningum einkabankanna, sem runnu saman við Útvegsbanka Íslands h/f og urðu að stefnanda. Í ársreikningum sínum árin 1980 til 1989 hafi bankaráð Alþýðubankans, Iðnaðarbankans og Verslunarbankans

gert grein fyrir lífeyrisskuldbindingum bankanna gagnvart starfsfólki. Hefur stefndi tekið saman og lagt fram í máli þessu þær athugasemdir, sem í ársskýrslunum er að finna um þessar skuldbindingar. Þar komi fram, að margítrekað sé, að bankarnir hafi tekið á sig með kjarasamningi að veita starfsmönnum sínum sambærileg eða sömu lífeyrisréttindi og starfsmenn ríkisbankanna njóta. Séu lagðir til hliðar af þessum sökum fjármunir, sem síðustu árin nema 15% af heildarlaunum, til viðbótar framlögum til Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Sé sú prósentá í góðu samræmi við mat Jóns Erlings Þorsteinssonar tryggingastærðfræðings um kostnað við að veita starfsmönnum einkabankanna sambærileg lífeyrisréttindi og starfsmenn ríkisbankanna njóta. Augljóst sé af ársskýrslunum, að við gerð þeirra sé gengið út frá skilningi stefnda á kjarasamningi aðila hvað lífeyrisréttindi varðar. Bendir stefndi á eftirfarandi dæmi:

Ársskýrsla Alþýðubankans árið 1987:

„Bankinn greiðir iðgjöld til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, 6% af föstum launum. Til viðbótar eru lögð til hliðar 10% af launum í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga. Nemur sú fjárhæð kr. 8.913.236. Nú er ljóst, að sjóðurinn fullnægir ekki skuldbindingum, og því eru lagðar aukalega kr. 5.500.000 í sjóðinn..... Hér er um að ræða ráðstafanir til að fullnægja samningsákvæðum varðandi lífeyrisréttindi starfsmanna bankans, að þeir séu jafnt settir og starfsmenn ríkisbankanna hvað varðar lífeyrisréttindi.“

Ársskýrsla Iðnaðarbankans árið 1987:

„Bankinn greiðir til Lífeyrissjóðs verslunarmanna sem nemur 6% af föstum launum starfsmanna. Jafnframt hefur bankinn allt frá 1974 lagt árlega til hliðar fjárhæðir til að fullnægja samningsákvæði um lífeyrisréttindi starfsmanna bankans á hverjum tíma. Á síðustu árum hafa 10% af launum verið lögð til hliðar til sjóðsmyndunar í þessu skyni Nú hefur farið fram tryggingafræðilegur útreikningur á skuldbindingum bankans vegna þessa, og nemur hún um 128,0 mkr í árslok 1987, m.v. 2% ársvexti mun bankinn leggja áfram til hliðar fjárhæðir, þannig að bókfærð sjóðsmyndun nái skuldbindingu bankans á næstu árum.“

Ársskýrsla Verslunarbankans árið 1989:

„... hefur bankinn undanfarin ár lagt árlega til hliðar fjárhæðir til að mæta samningsákvæðum um lífeyrisréttindi starfsmanna

bankans á hverjum tíma. Á síðasta ári voru lögð til hliðar 15% af launum auk verðbóta og vaxta af fyrri framlögum.....
Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun nam skuldbinding bankans vegna lifeyrisréttinda starfsfólks í árslok 1989 um kr. 210,6 millj. miðað við 3% ársvexti.“

Stefndi rekur ýtarlega yfirtöku stefnda á lifeyrisskuldbindingum Alþýðubankans, Iðnaðarbankans og Verslunarbankans við stofnun hans og mat það, sem fram fór á lifeyrisskuldbindingunum. Stefndi rekur og kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubankanum h/f og mat á lifeyrisskuldbindingum þess síðarnefnda í því sambandi. Stefndi lýsir einnig framkvæmd stefnda á lifeyrisgreiðslum til fyrrum starfsmanna bankans og lögum um Útvegsbanka Íslands h/f og ákvörðun um lifeyrisréttindi fyrrum starfsmanna hans.

Stefndi telur sannað með tilvísun til málavaxta, að samninga- nefnd bankanna, m.a. f.h. Alþýðubankans h/f, Iðnaðarbanka Íslands h/f og Verslunarbanka Íslands h/f og SÍB f.h. félagsmanna sinna, sem hjá bönkum þessum störfuðu, hafi samið svo um í kjarasamningnum 1980 og síðari kjarasamningum, að lifeyris- réttindi starfsmanna einkabankanna, að því er varðar eftirlaun, barna-, maka- og örorkulífeyri, skyldu vera sambærileg lifeyris- réttindum starfsmanna ríkisbankanna skv. reglugerðum lifeyris- sjóða þeirra.

Þessu til stuðnings bendir stefndi á:

1. Almenn rök þess efnis, að ekki sé eðlilegt, að bankarnir, sem starfa á sama markaði við sömu almenn skilyrði og greiða starfsmönnum sínum laun eftir sama kjarasamningi, séu mismunandi settir hvað varðar lifeyrisskuldbindingar.
2. Orðalag yfirlýsingar með launareglugerðinni 1974 og kjara- samninga, sem síðar hafi verið gerðir. Skilningur stefnda á orðalagi ákvæðanna er í samræmi við orðanna hljóðan skv. almennum skilningi á íslensku máli.
3. Aðdraganda samningsgerðarinnar 1980 og bókun litlu spari- sjóðanna hjá sáttasemjara í desember 1980. Bókun litlu spari- sjóðanna var augljóslega óþörf að gefnum skilningi stefnanda á kjarasamningnum.
4. Skilning bankastjórna allra einkabankanna á skuldbindingunni, sem fram hefur komið í ársreikningum bankanna. Tilgreining skuldbindingarinnar í ársreikningum bankanna hefur skapað

réttmætt traust hjá félagsmönnum stefnda um, að ekki væri ágreiningur um efni skuldbindingarinnar.

5. Þá staðreynd, að Íslandsbanki h/f yfirtók lífeyrisskuldbindingar Alþýðubankans h/f, Iðnaðarbankans h/f og Verslunarbanka Íslands h/f á grundvelli útreikninga um innihald lífeyrisskuldbindingarinnar, sem er í samræmi við skilning SÍB á kjarasamningum.
6. Þá staðreynd, að við kaup Landsbankans á hlutabréfum í Samvinnubanka Íslands h/f var lífeyrisskuldbinding Samvinnubankans reiknuð skv. skilningi SÍB á kjarasamningnum.
7. Að Íslandsbanki h/f hefur framkvæmt ákvæði kjarasamningsins um lífeyrisréttindi gagnvart lífeyrisþegum í samræmi við skilning SÍB á ákvæðinu eftir því sem SÍB er best kunnugt.
8. Að Íslandsbanka h/f er lögskylt að veita sumum starfsmönnum sínum, þ.e. fyrrum starfsmönnum Útvegsbanka Íslands, lífeyrissjóðsréttindi skv. reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Útvegsbanka Íslands og gerir það í reynd skv. yfirlýsingu bankans og hefur jafnframt heitið því í yfirlýsingu (samningi) frá 19. desember 1990, að allir starfsmenn bankans ávinni sér lífeyrisrétt samkvæmt sömu reglum.
9. Yfirlýsingar aðila, sem áttu hlut að máli við gerð kjarasamninga milli SÍB og samninganefndar bankanna, sem telja það vafalaust, að skuldbinding einkabankanna hafi verið sú, sem stefndi heldur fram.
10. Tómlæti stefnanda við að halda fram þeim skilningi á kjarasamningum, sem nú kemur fram í þessu máli. Stefnanda má hafa verið ljóst, a.m.k. frá 1980, hvern skilning SÍB hefur lagt í kjarasamningsákvæðið. Aldrei hefur opinberlega komið fram af hálfu bankans annar skilningur fyrr en í bréfi til SÍB 21.01. 1991 og þá var þessum skilningi þegar mótmælt af hálfu SÍB. Framangreint tómlæti stefnanda veldur því, að hann telst bundinn af þeim skilningi, sem almennt var ríkjandi á kjarasamningnum.

III.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að yfirlýsing fulltrúa einkabankanna í samvinnunefnd banka og sparisjóða 16. mars 1974 um lífeyrisréttindi starfsmanna einkabankanna, sem birt er hér að ofan,

var stefnuyfirlýsing. Þar er lýst þeirri stefnu, að starfsfólk í einkabönkunum fái að lokum sömu lífeyrisréttindi og starfsfólk ríkisbankanna.

Þegar litið er til þessarar stefnuyfirlýsingar og áform um framkvæmd hennar svo og aðdraganda, forsögu og orðalags samningsins frá 15. desember 1980, er ekki unnt að takmarka efni síðari málsliðar bókunar 5 við verðtryggingu í þeim skilningi, sem stefnandi setur hér fram og gerir kröfu til. Verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Það er álit dómsins, að bókun 5 sé alls ekki nægilega ýtarleg og nákvæm miðað við hina flóknu stöðu í lífeyrisréttindamálum bankamanna. Nauðsyn krefur, að við áframhaldandi samningsgerð málsaðila verði úr þessu bætt.

Við túlkun á bókun 5 verður einkum að hafa í huga texta bókunarinnar, skýringar stefnda, viðhorfa einkabankanna, sem fram koma í skýringum með ársreikningum þeirra 1980-1990, svo og 12. gr. í reglum viðskiptaráðuneytisins frá 14. febrúar 1986 um ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða. Enn fremur verður að líta á þá staðreynd, að ákvæði bókunar 5 stóð óbreytt að efni til í nýjum kjarasamningum þrátt fyrir breytingar á reglum eftirlaunasjóðs ríkisbankanna, sem áttu sér stað eftir 1980. Þegar á allt þetta er litið, telur dómurinn, að með kjarasamningnum 15. desember 1980, sem gildi frá 1. ágúst s.á., hafi verið samið svo um, að starfsmenn einkabanka, sem hefðu 8 starfsmenn eða fleiri, skyldu öðlast sambærileg lífeyrisréttindi og bætur og starfsmenn ríkisbankanna nutu almennt hinn 1. ágúst 1980. Að þessu marki verða kröfur stefnda teknar til greina.

Eftir þessum málalokum er rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

D ó m s o r ð:

Samkvæmt bókun 5 í kjarasamningi Sambands íslenskra bankamanna og bankanna, sem gildi frá 1. ágúst 1980, sbr. grein 12.7 í síðari kjarasamningum aðila, eiga starfsmenn Íslandsbanka h/f rétt á sambærilegum lífeyrisréttindum og bótum og starfsmenn ríkisbankanna nutu almennt hinn 1. ágúst 1980.

Hvor aðili beri sinn málskostnað.